



# Hraðið miðstöð nýsköpunar

Greinargerð til HVIN  
2024



UM STARFSÁÆTLUNINA

# Greinargerð um starfsemi Hraðsins árið 2024

Greinargerð þessi er unnin samkvæmt samningi Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis við Þekkingarnet Þingeyinga f.h. Hraðsins- miðstöð nýsköpunar á Húsavík um ráðstöfun rekstrarframlags í fjárlögum árið 2024.

*Gr. 5.5: "Fyrir lok desember 2024 skilar Hraðið ráðuneytinu greinargerð um framkvæmd samningsins"*

Greinargerðin er útgefin og skilað til HVIN 11. desember 2024.

 **Hraðið  
miðstöð  
nýsköpunar**



UM HRAÐIÐ

# Starfsemi/verkefni

***Hraðið starfrækir frumkvöðlasetur á Húsavík til eflingar svæðisbundins nýsköpunarstarfs (gr.1.2.1).***

Hraðið er miðstöð nýsköpunar og heimavöllur frumkvöðla, stofnana og fyrirtækja sem vinna að nýsköpun með einum eða öðrum hætti. Hraðið hóf starfsemi í upphafi árs 2022 er það opnaði aðstöðu sína að Hafnarstétt 1-3 á Húsavík. Þar starfa nú 13 frumkvöðlar og/eða fyrirtæki með föst borð og 15 aðrir hafa þar sveigjanlega aðstöðu. Aðstöðunni fylgir aðgengi að Fab Labi, fundarýmum og fjölnota vinnurýmum fyrir hópa.



Áslaug Arna, Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra heimsækir FabLab Húsavík

## UM HRAÐIÐ

### ***Hraðið stuðlar að samþættingu svæðisbundins fræðslu- og rannsóknastarfs við nýsköpunar- og frumkvöðlastarf með klasasamstarfi á Húsavík (gr.1.2.2).***

Hraðið er hluti af líflegu samfélagi stofnana og aðila sem starfa við rannsóknir, nýsköpun, símenntun og atvinnuþróun á Stéttinni á Húsavík. Á Stéttinni starfa nú um 50 manns hjá tíu stofnunum og níu fyrirtækjum. Einn af helstu kostum þessa klasa er sú samsuða sem skapast með sambýli fræðslu- og rannsóknastarfs við nýsköpunar- og frumkvöðlastarf. Í raun má segja að tilgangurinn sé að skapa sem best flæði og jafnvel árekstra milli þessara sviða. Þannig verði stuðlað að samtali og samvinnu vísinda og frumkvöðla sem hvetur til þess að hugmyndir verði að nýsköpun. Hraðið styður sérstaklega við STEAM greinar í starfi sínu og aðstaða setursins og tækjaframboð Fab Labsins er sérstaklega sniðið að vísindum, tækni, verkfræði, listsköpun og stærðfræði.



## UM HRAÐIÐ

***Hraðið stuðlar að eflingu frumkvöðlastarfs á vegum fyrirtækja, einstaklinga, félaga og/eða stofnana með því að brúa bil milli rannsókna-/þekkingarsamfélags og atvinnulífs (gr. 1.2.3.a)***

Hraðið hefur markvisst unnið að því að tengja saman rannsókna- og þekkingarsamfélagið við atvinnulífið. Fjölmargar kynningar og fræðsluerindi hafa verið haldin fyrir fyrirtæki, félagasamtök og stofnanir þar sem hópum hefur verið boðið í Hraðið og þeim kynnt starfið. Auk þess hafa verið haldin fræðsluerindi, námskeið, vinnustofur frumkvöðla, opið hús o.m.fl.

Vöxtur hefur verið í því að hópar frá nýsköpunarfyrirtækjum og háskólum hafi komið og nýtt sér aðstöðuna og blandast starfsfólkinu og lífinu á Stéttinni. Töluverð fjölgun hefur verið meðal nemenda á öllum skólastigum sem nýta sér aðstöðuna í Hraðinu og Fablabinu nánast á hverjum degi.



Halldór Eldjárn kynnir nýja hljóðhönnun



Verðlaunahafar í forritunarklúbbnum

## UM HRAÐIÐ

***Hraðið tryggir aðbúnað og hvetjandi vinnuumhverfi fyrir fyrirtæki og frumkvöðla í nýsköpunarstarfi, þ.m.t. með nettengingu, almennri starfsaðstöðu, fundarýmum og sameiginlegri vinnuaðstöðu allri (gr.1.2.3.b-d).***

Í Hraðinu býðst frumkvöðlum vinnuaðstaða með skrifborði, nettengingu, næðisrymum, prentun, skönnun, fundarýmum, kaffistofu, aðgengi að Fab Labi ofl. Mikið er lagt upp úr notalegri aðstöðu með hækkanlegum vinnuborðum, sófahornum og sameiginlegu kaffirými þar sem hægt er að setjast og ræða hugmyndir og útfærslu þeirra. Alls eru í boði fimmtán langtíma starfsstöðvar sem leigðar til eins mánaðar í senn. Þar hafa frumkvöðlar fasta starfsstöð sem aðrir hafa ekki aðgengi að. Að auki eru í boði aðrar fimmtán "flex" starfsstöðvar sem eru leigðar út eftir þörfum hverju sinni. Þær starfsstöðvar eru ódýrari þar sem þær eru ekki fráteknaðar fyrir sama aðilann allan sólarhringinn. Í Hraðinu er einnig boðið upp á hópinnurými fyrir frumkvöðla. Þar geta 16 manns setið við borð en sæti eru annars til fyrir allt að 30 manns. Auðvelt er að bregðast við aukinni eftirspurn með fjölgun flex borða.



3. og 4. iðnyltingin mætist í Hraðinu



Vinnuaðstaða í opnu rými



Hlaðvarpsgerð í Stúdíóinu

## UM HRAÐIÐ

**Hraðið tryggir aðgengi fyrir frumkvöðla að rannsóknatækjum og sérhæfðum búnaði í samstarfi við rannsóknastofnanir og Fab Lab smiðju sem starfa innan klasans. Hraðið tryggir einnig aðgengi að sérfræðipækkingu og tæknilegum innviðum til nýsköpunarstarfs (gr. 1.2.3.e og h).**

Hraðið rekur fullbúið Fab Lab sem frumkvöðlar hafa aðgang að. Meðal tækjabúnaðar í Fab Labinu er laserskeri, vínyskeri, fræsivél, þrívíddarprentarar, mótagerðarvél, tölvuver og ýmis rafeindabúnaður og verkfæri.

Á Stéttinni rekur Náttúrustofa Norðausturlands sérútbúna rannsóknastofu fyrir náttúruvísindi og Rannsóknasetur Háskóla Íslands býr yfir víðfeðmum tækjabúnaði fyrir rannsóknir sjávardýra.

Þar sem Hraðið er hluti af Stéttinni á Húsavík hafa frumkvöðlar, sem nýta sér aðstöðu Hraðsins, beint aðgengi að sérfræðingum stofanana á sviði rannsókna, menntunar og stoðkerfis atvinnulífs þar sem þeir deila sameiginlegum rýmum og kaffistofu með þeim. Þar er frjótt umhverfi til samtals og skoðanaskipta og Stéttin því nokkurs konar suðupottur hugmynda og nýsköpunar.



FabLab Húsavík



Tónlistarsköpunarverkstæði okt 24



Yfirfræsarinn



Landslagshönnun í FabLabinu

## UM HRAÐIÐ

**Hraðið stendur fyrir verkefnum og viðburðum í samstarfi við svæðisbundið atvinnulíf og stoðkerfi þess, sem vekja athygli á nýsköpun og hvetja til frumkvöðlastarfs (gr.1.2.3.f).**

Hraðið leggur mikið upp úr því að bjóða upp á fræðandi og líflega viðburði. Á árinu má nefna sem dæmi:

- Hraðið leiðir verkefnið Beislum kraftinn - hagnýting rafíþrótta til eflingar færni 18-29 ára. Verkefnið er styrkt af Lóu nýsköpunarsjóði og snýst um þjálfun kennara í rafíþróttum. Verkefnið er unnið í samstarfi við Framhaldsskólann á Húsavík.
- Hraðið tekur þátt í norrænu samstarfsverkefni sem ber heitið: GreenADeN - Green Skills Adaptation and Development for the Nordic Region. Verkefnið er styrkt af Norrænu ráðherranefndinni og hlutverk Hraðsins þar snýst um græna færniþjálfun í gegnum lausnamót og stafræna tækni.
- Hraðið tók á móti Listaháskóla Íslands í mars sem var með vinnustofu í viku í frumkvöðlaaðstöðu Hraðsins og FabLabinu fyrir nemendur í grafískri hönnun.
- Hraðið heldur úti 80 stunda hönnunar- og tilraunasmiðju í FabLab Húsavík þar sem markmiðið er að námsmenn öðlist innsýn í stafræna framleiðslutækni og auki áhuga sinn á hönnun og nýsköpun. Smiðjan er fyrir 20 ára og eldri og mikill áhugi var á henni. Ljóst er að endurtaka þarf hana fjótt til að svara eftirspurn. Kennarar komu víða að og nemendur eru frá fjölmörgum fyrirtækjum og skólum á svæðinu.





Goddur: Myndmál í þungarokki



Sköpunarverkstæði Sæskrímslanna í júní

- FabLab Húsavík og STEM Húsavík starfræktu forritunarklúbb fyrir börn á aldrinum 8-14 ára á árinu. Hópur barna keppti á hans vegum í keppninni First Lego League í október.
- Listaháskólinn kom aftur með tvo hópa í Hraðið í september þar sem þeir voru með vinnustofu í frumkvöðlarýminu og FabLabinu. Í þetta skiptið voru það 1. árs og 3. árs nemendur í vöruhönnun sem dvöldu hér í eina viku. Kennarar LHÍ buðu framhaldsskólanemum á svæðinu á sérstaka kynningu um námið í LHÍ. Nemendur og kennarar tóku virkan þátt í Hönnunarþingi Hraðsins.
- Hið þingeyyska fornleifafélag, Urðarbrunnur notaði aðstöðuna í Hraðinu fyrir reglulega verkefnafundi á árinu.
- Hraðið hefur tekið á móti fjölda nemendahópa á árinu og kynnt þeim starfsemi Hraðsins og FabLab Húsavík. Meðal þeirra sem komu voru starfsmenn rannsóknasviðs Háskólans í Tromsø, hópur danskra háskólanema, starfsfólk HA, starfsfólk Borgarhólsskóla, starfsfólk leikskólans Grænuvalla, nemendur Framhaldsskólans á Húsavík og margir fleiri.
- Fjölmarginir hópar félagasamtaka, stofnana og fyrirtækja komu og kynntu sér frumkvöðlasetrið og Fab Labið á árinu. Má þar m.a. nefna, ráðherra og starfsfólk mennta- og viðskiptaráðuneytisins, Agora, Lions, Lady Circle, Round Table, starfsfólk Póstsins, starfsfólk Heimamanna, útskriftarhópur frá Samvinnuskólanum Bifröst, Menntaskólanum á Akureyri og margir fleiri.



## UM HRAÐIÐ

### **Hraðið er leiðandi á svæðisvísu í samstarfi við önnur frumkvöðlasetur og fyrirtæki í nýsköpunarstarfi innan lands og utan (gr.1.2.3.g)**

Hraðið hefur átt í góðu samstarfi við samtök og stofnanir í nýsköpunargeiranum:

- Hraðið stóð fyrir nýsköpunarkeppninni “Krubbur hugmyndahraðhlaup” í mars þar sem sjö lið kepptu um bestu nýsköpunarhugmyndina á sviði endurnýtingar hliðarafurða og hráefnis sem fellur til í iðnaði á svæðinu. Verkefnið var unnið í samstarfi við Klak, Eim, Norðanátt, Íslenska gámafélagið og PCC Bakka Silicon. Það var styrkt af Lóu nýsköpunarsjóði.
- Hraðið leiddi Evrópuverkefnið SPECIAL sem stendur fyrir *Supporting and Promoting EntreComp through Innovative Advanced Learning*. SPECIAL miðar að því að styrkja frumkvöðlafærni, lífsleikni og „mjúka færni“ (soft skills) hjá ungu fólki sem er ekki í námi eða þjálfun og er án atvinnu (NEET). Samstarfsaðilar verkefnisins eru frá Spáni, Belgíu, Ítalíu og Svíþjóð. Verkefninu sem var til þriggja ára lauk á árinu.
- Hraðið er þátttakandi í viðskiptahraðlinum Startup Stormur sem rekinn er af Norðanátt. Verkefnisstjóri Hraðsins gegndi hlutverki Mentors í hraðlinum og hýsti vinnustofu í Hraðinu. Í ár eru sjö teymi í hraðlinum, þar á meðal teymið Skynró sem var sigurvegari í KRUBBI fyrr á árinu.
- Hingað komu vöruhönnuðir að vinna að verkum sínum m.a. fyrir Hönnunarmars 24 og aðrar sýningar.
- Sigurvegarar í KRUBBI 24 fengu aðgang að aðstöðu Hraðsins og ráðgjöf til að koma vinningshugmynd sinni í framkvæmd.



SKYNRÓ - sigurvegarar Krubbs 24 fagna góðum árangri á Startup Stormi



Bergur Finnbogason: Hljóðheimur í tölvuleikjagerð

- Hraðið stóð fyrir fjömenntri hátíð hönnunar og nýsköpunar í október þar sem sérstök áhersla var á snertifleti hönnunar og tónlistar. Viðburðurinn, sem ber heitið HönnunarÞing og er nú orðinn árlegur, var afar vel heppnaður og hingað komu sérfræðingar á sviði gervigreindar, hljóðhönnunar, vöruhönnunar og nýsköpunar sem fræddu viðstadda um nýjungar á því sviði. Helstu samstarfsaðilar voru Listaháskóli Íslands, Orkuveita Húsavíkur og SSNE. Hönnunarþing var styrkt af Lóu nýsköpunarsjóði og Sóknaráætlun Norðurlands eystra.
- Hraðið átti fulltrúa á norrænu tækniráðstefnunni TONIK sem haldin var í Færeyjum í maí. Þar kynnti hann starfsemi Hraðsins og myndaði mikilvæg tengsl í geiranum. Viðburðurinn DesignThing naut m.a. góðs af góðum hugmyndum og tengiliðum sem sköpuðust þar.
- Hraðið sendi fulltrúa á BETT tæknisýninguna í London í janúar þar sem kynntar voru helstu tækninýjungar sem gagnast í kennslu. Viðburðurinn nýttist Hraðinu bæði til að kynna nýjustu tækni í kennslu sem og til að stækka tengslanetið.



Tónlistarsköpunarverkstæði okt



Forritunarklúbbur barna



Silent Disco Hönnunarþing 2024

- Hraðið tók þátt í málþingi Rannsóknaseturs skapandi greina í Háskólanum á Akureyri í nóvember þar sem Stefán Pétur verkefnisstjóri Hraðsins var með erindi. Erindið fjallaði um mikilvægi uppbyggingar nýsköpunaraðstöðu og áhrif nýsköpunarjarðvegs.
- Hraðið er í teymi stjórnenda á fjárfestahátíð Norðanáttar á Norðurlandi ásamt Eimi, SSNE, og SSNV. Verkefnið snýr að því að leiða saman fjárfesta og frumkvöðla á svæðinu og hreyfingin er samstarf aðila á Norðurlandi sem starfar í anda nýrrar klasastefnu, þvert á stofnanir samfélagsins og hraðar framþróun og nýsköpun.



Verkefnisstjóri Hraðsins með erindi á málþingi um áhrif menningar og skapandi greina í landsbyggðunum



Hraðið og Norðanátt á tækni- og nýsköpunarhátíðinni TONIK í Færeyjum í maí



Stjórnendateymi fjárfestahátíðarinnar á Siglufirði. Mynd: Eimur


UM HRAÐIÐ

# Verkefnastaða og ráðstöfun framlags


Hraðið hefur hlotið afar góðar viðtökur frá opnun og eftirspurn eftir aðstöðu hefur verið samkvæmt áætlun.

Fjármögnun Hraðsins byggir á samspili opinbers stuðnings og einkafjármögnunar. Til frambúðar mun þurfa grunnfjármögnun með samningum við opinbera aðila, sem dekkar lágmarkspjónustu og húsnæðiskostnað. Einnig mun þurfa opinberan stuðning við stofnkostnað fyrstu 2-3 árin.

Framlag ráðuneytisins er því afar mikilvægt og því hefur verið ráðstafað í laun verkefnisstjóra og húsaleigu árið 2024.



# Fjöldi notenda í Hraðinu




Alls voru skráðir notendur í Hraðinu 2.669 á árinu 2024 sem er fjölgun úr 2.538 frá árinu áður. Þar eru ekki meðtaldir reglulegir notendur s.s. leigjendur. Mestur var fjöldi notenda í október þar sem mikið líf var í nýsköpunargtengdum viðburðum og þá sérstaklega tengt vöruhönnun. Á vormánuðum var nýsköpunarkeppnin Krubbur haldin og nokkuð var um kynningar og heimsóknir, s.s. frá háskólahópum og félagasamtökum. Mest var aukningin meðal þátttakenda á námskeiðum og vinnustofum auk þess sem nemendum fjölgaði talsvert á milli ára.

Fjöldi notenda á árinu:

	2023	2024
Nýsköpun	436	481
Ráðgjöf	12	8
Frumkvöðlar	71	42
Nemendur	125	349
Kynning/heimsókn	597	403
Sjálfbærni	100	83
Rannsóknir/fræðsla	244	157
Atvinnulíf	350	430
Námskeið/vinnustofa	603	716
<b>Samtals</b>	<b>2.538</b>	<b>2.669</b>




# Fjöldi leigjenda í Hraðinu



Góð og vaxandi eftirspurn var eftir vinnuaðstöðu í Hraðinu á árinu. Aðstaðan er nú að verða svo gott sem fullnýtt, en fjöldi leigjenda með fast borð voru þrettán í upphafi árs og enduðu í ellefu. Fjöldi leigjenda með sveigjanlega notkun (flex borð) voru tólf í upphafi árs en fimmtán í lok árs. Ein skrifstofa er í útleigu í Hraðinu sem var í fullri notkun allt árið. Leigjendur eru í flestum tilvikum einstaklingar í störfum án staðsetningar hjá stofnunum eða fyrirtækjum sem eru með höfuðstöðvar í höfuðborginni og í öðrum löndum.

Fjöldi mánaðargesta alls:



	2023	2024
Skrifstofa	12	12
Fast borð	112	143
Flex borð	141	180
Vikugestur	6	5
Dagsgestur	19	6
<b>Samtals</b>	<b>290</b>	<b>346</b>



Árið var líflegt hjá Hraðinu. Fjölsóttir viðburðir um nýsköpun og vöruhönnun voru haldnir auk þess sem opnar smiðjur voru vikulega hjá FabLabinu. Frumkvöðlaaðstaðan var nýtt jafnt af sjálfstæðum hönnuðum og stærri hópum fyrir vinnustofur og verkefnavinnu. Námskeið og smiðjur fengu góða aðsókn og eftirspurn var eftir kynningum og móttökum fyrir fyrirtæki og félagahópa.



# hönnunar þing design thing



Dagana 28.-30. september stóð Hraðið fyrir hátíð hönnunar og nýsköpunar sem ber nafnið Design Thing. Áhersla ársins var á tónlist og margvíslegar birtingarmyndir snertiflata hönnunar og tónlistar. Hingað komu innlendir og erlendir hönnuðir og sérfræðingar sem voru með fræðsluerindi og kynningar á verkefnum sínum. Vöruhönnunardeild Listaháskóla Íslands var auk þess í Hraðinu með vinnustofu í eina viku og tóku nemendur og kennarar virkan þátt í hátíðinni. Hátíðin er nú árlegur viðburður hjá Hraðinu og á næsta ári verður áherslan á hönnun og nýsköpun í matargerð. Meiri upplýsingar um hátíðina má finna [hér](#).





Dagana 8.-9. mars var nýsköpunarkeppnin KRUBBUR hugmyndahraðhlaup haldin á Stéttinni. Þar var unnið í teyllum að lausnum sem tengjast nýtingu hráefnis sem fellur til á Húsavík. Þátttakendur deildu þekkingu og reynslu og unnu saman að því að útfæra lausnir við áskorunum sem fyrirtæki á svæðinu kynntu. Teymin fengu ráðgjöf frá sérhæfðum leiðbeinendum sem gátu aðstoðað þau við að útfæra hugmyndirnar. Með þessum nýsköpunarviðburði var markmiðið að efla skapandi hugsun og frumkvöðlastarf á sama tíma og unnið var að markmiðum hringrásarhagkerfisins. Frekari upplýsingar um keppnina má finna [hér](#).

ÞJÓNUSTA Í BOÐI


# Skapandi vettvangur

Í Hraðinu er hvetjandi starfsumhverfi fyrir fyrirtæki, einstaklinga og stofnanir sem starfa við skapandi verkefni. Fjöldi fundarrýma fyrir teymisvinnu, hugarflugsfundi, fjarfundi og upptökur. Fullbúin FabLab-smiðja og notaleg kaffiaðstaða.



## Frumkvöðlarými

Í boði er vinnuaðstaða fyrir frumkvöðla þar sem hægt er að leigja aðstöðu til lengri eða skemmri tíma. Einnig aðstaða fyrir störf án staðsetningar.



## Fab Lab Húsavík

Fullbúin tæknismiðja skapar tækifæri til að þjálfa sköpunargáfunna og hrinda hugmyndum í framkvæmd með aðstoð stafrænnar tækni.



## Fundaraðstaða

Fjölbreytt fundaraðstaða, allt frá eins manns næðisrymum upp í 20 manna fundarsali.




## Skapandi samfélag

Hraðið er hluti af stærra samfélagi þekkingar og atvinnulífs. Þar eru undir sama þaki háskóli, frumkvöðlar, símenntunarmiðstöð, vísindafólk, náttúrustofa og stoðkerfi atvinnulífsins



## Stúdíó

Í miðstöðinni er sérútbúið stúdíó fyrir hljóð- og myndupptökur með tæknibúnaði og grænskjá. Tilvalið fyrir hlaðvarpsgerð og videoupptökur.



## Kennslurými

Aðgengi er að kennslurými með nauðsynlegum tækjabúnaði og húsgögum fyrir allt að 20 manns.

## ÁHERSLUR HRAÐSINS



### Nýsköpun

Með því að stefna saman vísindafólki, háskólanemum og frumkvöðlum í sérútbúinni frumkvöðlaaðstöðu með aðgangi að tæknismiðju og rannsóknarstofu í nálægð við rannsóknar efnið sjálft, skapast kjöraðstæður til hagnýtingar hugvits sem byggir á rannsóknaniðurstöðum og áreiðanlegum gögnum.



### Byggðasjónarmið

Unnið er eftir áherslum Byggðaáætlunar um að auka getu fyrirtækja á landsbyggðinni til að nýta stafræna tækni til vaxtar. Einnig er unnið eftir áherslum sóknaráætlunar um að stuðla að nýsköpun og uppsetningu klasasetra í landshlutanum.




### Sjálfbærni

Endurnýting, náttúruvernd og nálægð við auðlindir og rannsóknarefni er meðal þess sem sérstaklega er horft til í Hraðinu. Unnið er eftir sjónarmiðum sjálfbærni um að samfélag og náttúra standi jafnfætis efnahagslegum ávinningi verkefna.



### Jafnrétti

Nýsköpunarmiðstöðin Hraðið verður opin öllum og veitir frumkvöðlum aðstöðu og stuðning óháð kyni, þjóðerni, aldri og menntun og fylgir sjónarmiðum jafnréttis í hvívetna.



### Nýjasta tækni

Með FabLab Húsavík skapast mikilvægur stuðningur við, einstaklinga, fyrirtæki, frumkvöðla, skóla og þekkingarstofnanir sem síðan stuðlar að hagnýtingu hugvits til nýsköpunar.



### Notalegt umhverfi

Í Hraðinu er lögð áhersla á notalegt umhverfi kaffistofunnar. Oft þarf ekki nema spjall yfir kaffibolla í frjóu umhverfi til að hugmyndir kvikni.



Hraðið  
miðstöð  
nýsköpunar